



Fjölbrautaskóli Suðurlands

---

## VÍKINGAR ÍSLE2VÍ05

Kennsluáætlun á vorönn 2016

### **Kennari áfangans:**

Katrín Tryggvadóttir (KT)

### **Áfangalýsing:**

Í náminu er lögð áhersla á menningu víkingaaldar (800-1170). Nemendur kynnst tungumáli víkinga og þróun þess, frásagnarlist þeirra og hugsunarhætti með lestri ýmissa verka og fjölbreyttri verkefnavinnu. Farið er fram á sjálfstæð og vönduð vinnubrögð, metnað og virkni í námi. Nemendur fræðast um víkingatímamann auk þess sem þeir lesa Gylfaginningu í Snorra-Eddu, Íslendingasögu og/eða fornaldarsögu Norðurlanda og valin eddukvæði og dróttkvæði. Nemendur kynna sér verk samtímalistamanna sem vísa í menningu og hugsunarhátt víkingaaldar og vinna sjálfstætt lokaverkefni og kynna niðurstöður sínar.

**Forkröfur:** Einkunnin 7 á grunnskólaprófi eða ÍSLE1DE05/ÍSLE1LR05.

### **Markmið áfangans:**

#### **Þekking**

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- bókmenntum frá víkingaöld í lausu og bundnu máli
- siðferðislegum gildum víkingatímans
- trúarbrögðum víkinga
- verkmenningu og verklagi víkinga
- hvernig arfur víkingaaldar skilar sér inn í menningu og listir nútímans
- orðaforða víkingatímans og ýmsum breytingum sem orðið hafa til nútímans.

#### **Leikni**

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa sér til gagns bókmenntaverk frá víkingatímanum
  - lesa sér til gagns fræðitexta um víkingatímamann og menningu hans
  - beita gagnrýninni hugsun við vinnslu verkefna þar sem skoðanir hans koma fram
  - nota á markvissan hátt viðeigandi hjálpargögn við frágang ritsmíða
  - draga saman og nýta upplýsingar úr ólíkum heimildum og tengja við eigin skoðanir
  - flytja af nokkru öryggi mál sitt frammi fyrir hópi fólks.
-

## Hæfni

Nemandi skal hagnýta þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna skapandi verkefni í tengslum við menningu og þjóðfélag víkingatímans
- greina þær breytingar í máli sem orðið hafa frá ýmsum textum víkingatímans til nútímamáls
- beita skýru og lýtalausum máli í ræðu og riti
- taka þátt í málaefnalegum umræðum og byggja upp skýra röksemdafærslu
- tjá afstöðu og efasemdir um efni og komast að niðurstöðu
- túlka bókmenntexta og kafa undir yfirborð hans til að leita dýpri merkingar.

## Kennslubækur og kennslugögn:

- Jón Árni Friðjónsson: *Leiðslubók*.
- Sölvi Sveinsson: *Guðirnir okkar gömlu ásamt Snorra-Eddu* í útgáfu Guðrúnar Nordal.
- Valin eddukvæði og dróttkvæði. Efni frá kennara og af veraldarvefnum.
- *Flóamanna saga*, hefti í bóksölu einnig hægt að sækja á <http://www.snerpa.is>.
- Valdir kaflar um málsögu, ljósrit frá kennara.

## Áætlun um kennslu og yfirferð á önninni:

Sjá nánari skilgreiningu á Moodle.

Vika:	Dagsetning:	Námsefni/viðfangsefni:	Helstu próf og verkefni:
1	5. – 8. jan.	Kynning áfanga. Landnámið.	
2	11. – 15. jan.	Landnámið og menning víkinga. Leiðslubók 1. kafli. Málsaga, efni frá kennara.	Verkefni í tengslum við efnið.
3	18. – 22. jan.	Landnámið og tungumálið. Málsaga, efni frá kennara.	Verkefni í tengslum við efnið. Próf.
4	25. – 29. jan.	Guðirnir okkar gömlu bls. 91-135 (4. kafli) Norræn goðafræði. Leiðslubók bls. 27-28. Gylfaginning 1.-19. kafli.	Myndræn verkefni úr sköpunarsögunni.
5	1. – 5. feb.	Leiðslubók bls. 27-28. Norræn goðfræði. Gylfaginning 1.-19. kafli. Gylfaginning 20.-36. kafli. Guðirnir okkar gömlu, bls. 57-90 (3. kafli).	Próf úr köflum 1-19. Hugkort og verkefni um goð og gyðjur.
6	8. – 12. feb.	Norræn goðafræði. Gylfaginning 37.-47. kafli.	Túlkunarverkefni um valið efni kaflanna.
7	15. – 19. feb.	Norræn goðafræði. Gylfaginning 48.-54. kafli.	Túlkunarverkefni um valið efni kaflanna.
8	22. – 26. feb. Kátir dagar og	Norræn goðafræði.	Verkefni úr norrænni goðafræði. Próf.

	<b>Flóafár</b>		
9	29. feb. – 4. mars	Forn kveðskapur. Hávamál. Leiðslubók, 2. kafli.	Verkefni sem túlka efni vísna Hávamála.
10	7. – 11. mars.	Forn kveðskapur. Þrymskviða.	Refill með efni Þrymskviðu.
11	14. – 18. mars.	Dróttkvæði	Verkefni úr fornum kveðskap. Próf.
12	21. – 29. mars <b>Páskafri.</b>		
13	30. mars – 1. apríl	Sögur víkinganna, kynning. Leiðslubók, bls. 47-62 (5. kafli). Flóamanna saga, undirbúningslestur.	Lespróf úr Flóamannasögu.
14	4. – 8. apríl.	Flóamanna saga	Túlkunarverkefni úr Flóamanna sögu. Lespróf
15	11. – 15. apríl.	Flóamanna saga	Túlkunarverkefni úr Flóamanna sögu.
16	18. – 22. apríl	Flóamanna saga	Túlkunarverkefni úr Flóamanna sögu Tímaritgerð. Próf úr Leiðslubók og Flóamanna sögu.
17	25. – 29. apríl	Vinna við lokaverkefni hefst.	Lokaverkefni, sjálfstæð vinna.
18	2. – 6. maí	Lokaverkefni.	Lokaverkefni, sjálfstæð vinna. Flutningur lokaverkefnis.
19	9. – 11. maí	Lokaverkefni.	Flutningur lokaverkefnis.

#### Vægi námsþátta í vetrareinkunn:

- Menning og tunga 6%
- Norræn goðafræði
  - Próf 20%
  - Verkefni 7%
  - Vinnubók 7%
- Kveðskapur
  - Próf 10%
    - Eddukvæði
    - Dróttkvæði
  - Refill 5%
- Sögur víkinganna
  - Próf 10%
  - Verkefni 10%
  - Ritgerð 10%
- Lokaverkefni 15%

#### Hvatningarlestur:

Fyrirkomulag þar sem nemendur eru hvattir til aukins lesturs og kemur til hækkunar á lokaeinkunn. Sjá nánar á Moodle.

### Kröfur og verkefnaskil:

- Ekkert lokapróf er í þessum áfanga og er því ætlast til að nemendur undirbúi sig mjög vel fyrir kennslustundir með lestri og þeim verkefnum sem lögð eru fyrir. Um helmingur námsins fer fram í tímum en hinn hlutinn með heimanámi, undirbúningi jafnt sem upprifjun. Mæti nemandi ekki í tíma af einhverjum ástæðum eykst heimanámið sem því nemur.
- Ef nemandi kemst ekki í kennslustund **ber hann sjálfur ábyrgð** á því að fylgjast með kröfum um heimanám, próf og verkefnaskil. Oftast má sjá slíkt á Moodle en einnig er hægt að hafa samband við kennara.
- Allir nemendur eru skráðir í Moodle og þurfa því að hafa reglulegan aðgang að tölvu.
- Öllum verkefnum skal skila á tilsettum tíma, tölvuunnum sé farið fram á það. Nemandi sem ekki skilar verkefni eða mætir ekki í próf fær einkunnina núll. **Einungis þeir sem eru löglega forfallaðir fá að taka sjúkrapróf.**
- Nemandi sem missir af prófi eða verkefni vegna veikinda ber sjálfur ábyrgð á því að óska eftir sjúkraprófi og skal hafa frumkvæði að því um leið og mætt er á ný.
- Nemendum ber að virða höfundarrétt. Ritstuldur varðar við lög og er öllum slíkum málum vísað til skólastjórnenda.

Gert með fyrirvara um breytingar, F.Su., 5. jan. 2016.

Katrín Tryggvadóttir [katrintryggva@gmail.com](mailto:katrintryggva@gmail.com)